

### **Veikindi í orlofi**

Bæjarráð samþykkir að hér eftir skuli eftirfarandi verkferlar hafðir uppi hvað varðar veikindi í orlofi:

„Veikist starfsmaður í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi tilkynna atvinnurekanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Fullnægi hann tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í þrjá sólarhringa innanlands eða sex sólarhringa innan EES-svæðisins, Bandaríkjanna eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi í jafn langan tíma og veikindin sannanlega stóðu. Slíkt er þó háð yfirferð trúnaðarlæknis sveitafélagsins sem skal yfirfara öll slík vottorð.

Uppbótarorlofið skal þá tekið í beinu framhaldi af áður ætluðum orlofstíma“

*Samþykkt í bæjarráði 20. ágúst 2014.*